

## 48. Stjórnarfundur Nýheima 6.maí 2015 kl. 8:30

**Fundarstjórn:** Kristín Hermannsdóttir

**Ritari:** Fanney Björg Sveinsdóttir

**Forfölluð:** Vala Björg Garðarsdóttir

**Mætt:** Davíð Arnar Stefánsson, Helga Árnadóttir, Zophonías Torfason, Þorvarður Árnason, Fanney Björg Sveinsdóttir, Nína Síbyl Birgisdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Árdís Erna Halldórsdóttir

**Efni:**

- **Hvað er framundan? Verkefnastaða og fundir framundan – Davíð**  
Davíð fór yfir verkefnaáætlun NP fyrir árið 2015 (sjá Fylgiskjal 1 í lok fundargerðar).  
**HFN2016:** Davíð og Hugrún Harpa kynntu verkefnið HFN2016 fyrir bæjarstjóra og verður verkefnið kynnt fyrir bæjarráði á næstunni. Það er verið að vinna í að sækja um styrk hjá Vinum Vatnajökuls í haust fyrir þetta verkefni.  
**Heimsókn aðstandenda OF:** Verður 15.september í haust. Undirbúningur stendur yfir. Vatnajökulspjóðgarður bauð sérstaklega fram aðstoð sína við heimsóknina.  
**OF:** Verið að vinna í OF og verkefnið á undan áætlun. Kynnt nánar á þessum fundi.  
**Frumkvöðlafræðsla:** Unnið að því að koma frumkvöðlafræðslu inn á öll skólastig á Hornafirði. Unnið með Söderhamn. Þorri minntist á að tengja þetta við lærdómssamfélagið.  
**Nýheimarannsókn:** Unnið á landsvísu með öðrum þekkingarsetrum og fá þannig meiri samanburð. Óli Halldórsson frá Þekkingarsetrinu á Húsavík mun koma til okkar og taka þátt í hugmyndavinnu með okkur. Stefnt er að því að vera búin að skilgreina verkefnið fyrir ársfund þekkingarsetra í haust.  
**Jöklaleið:** Í vinnslu.  
**Lagt til að ársfundur Þekkingarsetursins Nýheima verði framvegis haldinn í febrúarmánuði en ekki á vorin eins og verið hefur síðastliðin þrjú ár. Jákvæð viðbrögð frá fundarmönnum**  
Rætt um framhald á stefnumótunarvinnu og val á verkefnum fyrir NP. Skipað í teymi til að koma með tillögur að vinnulagi: Davíð, Fanney, Þorri og Vala. Davíð boðar teymið á fund um þetta.
- **Áfanganiðurstöður OF – Davíð**  
Davíð kynnt áfanganiðurstöður Opposing Force verkefnisins. Góðar umræður spruttu upp í kjölfarið. Rætt um mikilvægi þess að bregðast við og virkja ungmennin. Einnig rætt mikilvægi þess að rannsaka nánar.

TBS

11

- **Matvæladagurinn og örnámskeið – Nína**

Nína kynnti örnámskeiðaröð frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands:

„Að skrifa umsóknir“, „Að finna hugmyndir“, „Frá draumi að veruleika“, „Að hitta í mark(að“.

Þá kynnti Nína skemmtilegan viðburð sem Matís, SASS, Ríki Vatnajökuls,

Þekkingarsetrið Nýheimar og Sveitarfélagið Hornafjörður standa fyrir: **Heima er best**

– **tækifæri í framleiðslu matar**. Haldið að Hólmi á Mýrum 20.maí kl.11-14.

**Önnur mál:**

Þorri stakk upp á að taka umræðu um kaffistofumál og rýmisþörf stofnana fyrir sumarfrí.

Tekið fyrir á næsta fundi.

Spurt hvort bréfið frá stjórn NP hefði verið sent til ráðuneytisins um 8.grein í

Uppbyggingarsjóði Suðurlands. Ekki búið en stefnt að næstu viku.

Árdís Erna Halldórsdóttir sat sinn síðasta stjórnarfund NP í dag en hún er að hætta sem framkvæmdastjóri Ríki Vatnajökuls.

Síðasti fundur stjórnar NP fyrir sumarfrí er 16.júní og fyrsti stjórnarfundur NP eftir sumarfrí verður 12.ágúst.

*Árdís Erna Halldórsdóttir*  
*Fanny Björg Sveinsdóttir*

